

Skólaráðsfundir 18. október 2019

Mættir: Sigurbjörn, Kristín umsjónarmaður fasteigna, Puríður aðstoðarskólastjóri, Karen, Sigurlaug, Svandís námsráðgjafi, Iðunn og Rebekka Líf

Fyrsta mál á dagskrá er símamál. Nemendur komu með athugasemdir um símalausa skólann **Svandís og Puríður með punkta um það**. Óskaveröld nemenda er að kennarar og starfsfólk séu minna í símanum sínum á skólatíma fyrir framan nemendur, fólkið sem þrífur er mikið í síma sem þeim finnst ósanngjarnt ef þau mega ekki einu sinni kíkja á hvað klukkan er. Fulltrúi foreldra vill ekki segja mikið um þetta mál, segir að þessu fylgi kostir og gallar. Rætt um hvort hægt væri að hafa tölvur á bókasafninu. Einnig rætt um að í Kópavogi gangi ekki endilega nógu vel með ípadana þar sem önnur vandamál koma upp, nemendur jafnvel að gera annað í tímanum en á að vera að gera.

Ábendingar frá krökkunum að fá betri mat, vilja fjölbreyttari mat. Spónamaturinn mætti vera fjölbreyttari og hafa mexíco-súpu, kjúklingasúpur, makkarónugraut, kakósúpu, grænmetissúpu og fleira. Mætti vera nýir fiskréttir ekki alltaf það sama aftur og aftur. Svo mætti vera pítsa, öðruvísi pastaréttir, pylsupasta, naggar, salatbar sem við skömmtum okkur sjálf, melónur sem ávexti, betra meðlæti, vatnskönnur á borðin (sem var búið að bakka með). Við viljum skammta okkur sjálf. Fulltrúi foreldra spyr með matarmál, af hverju nemendum sé neitað um meiri mat ef þau missa niður mat, nemendum neitað um diska og borðbúnað eða að fá sér að drekka ef þau eru ekki að borða. Kennarar hafa tekið eftir því sama og líka að nemendur fá ekki ávexti af því þeir vildu ekki borða. Þetta þarf að skoða betur, á ekki að vera svona.

Viljum fjölbreyttari íþróttir, ekki bara boltaíþróttir. eru orðin leið á því sama aftur og aftur. Hægt að gera svo mikið meira en gert er t.d. dans, tennis, bardagaíþróttir, crossfit og fleira. Krakkarnir vilja fá að kynna sínar íþróttir fyrir öðrum í bekknum sem vel er tekið í á fundinum.

Valið mætti vera fjölbreyttara og eitthvað nýtt. Fleiri tungumál, yndislestur, kvikmyndaval, leiklist, lífsleikni, förðunarfræði, stuttmyndagerð, ljósmyndaval, körfuboltaval, smíði, heimanámsval og árshátíðarval fyrir 10. bekk til að undirbúa árshátíðina sem var vel tekið í. Væri hægt að hafa meira hópefli þar sem valið myndi skipuleggja .

Vinnustund sem er á þriðjudögum, hentugara að hafa hana á fimmtudegi eða föstudegi. Mega ekki fara á undan áætlun og geta ekki nýtt tímann eins vel. Svandís útskýrir hvernig vinnustund var hugsuð, sem tækifæri fyrir nemendur að hafa aðgengi að kennurum ef þeir þurfa meiri aðstoð, próf eru að koma og

Nemendur kalla eftir meira upplýsingaflæði, að nemendur séu betur upplýstir hvers vegna hlutirnir séu svona eða hinsegin. Skómálin komu upp, nemendum finnst ósanngjarnt að nemendur megi ekki vera í skónum inni en kennarar gangi um á skónum. Útskýrt hvers vegna það er, öryggisatriði þar sem kennarar þurfa alltaf að vera í viðbragðsstöðu.

Sigurbjörn spyr um Skólapúlsinn. Spyrjum Guðlaugu betur um hvers vegna þetta hafi hætt. Hann spyr líka um barnaþing Sameinuðu þjóðanna sem er í næstu viku. Guðlaug veit meira um það. Amk einn nemandi héðan er boðaður á þetta þing.